Sambykkt þann
06. MAÍ 2020
Byggingarfulltrúinn í Hafnarfirði




BYGGINGARLÝSING:

DALSHRAUN 15, 220 HAFNARFIRÐI

LANDNÚMER: 120267
STAÐGREINIR: 17.100.150

Húsið er upphaflega teiknað af Jóni Guðmundssyni og byggingarár er 1984.

Húsið er staðsteypt með stálklæddu timburþak. Undirstöður og botnplata eru staðsteyptar. Útveggir eru staðsteyptir og múrhúðaðir að utan, þak er timburvirki klætt með 25mm x 150mm borðaklæðningu, þakpappa og þakstáli. Gluggar eru með tvöföldu einangrunargleri.

Árið 2009 er 3.hæð hússins innréttuð sem gistiskáli með tilheyrandi brunahólfun.

ERINDISLÝSING:

Sótt er um leyfi til að innrétta 3.hæð hússins eftir bruna í samræmi við sem var fyrir bruna, eldhúsi hefur verið breytt í gistirými. Brunahólfun verður í samræmi við eldri brunahólfun, að auki verður bætt við sprinklerkerfi fyrir alla hæðina. Hitalagnir og frárennslislagnir tengjast núverandi lögnum.

INNVEGGIR:
Málmstoðir eru notaðar til að byggja alla nýja létta innveggi. Þær eru klæddar með 2x13 mm gipsplötum báðum megin. Steinull er á milli (EI-60).

TÆKNILEGAR KRÖFUR:
Hámarks U-gildi byggingarhluta mun vera í samræmi við gr. 13.3.3
Byggingahlutar með einstök U-gildi munu ekki yfirstíga eftirfarandi hámarksgildi.

| | |
|---|---|
| Útveggir | 0,3 |
| Gólf | 0,2 |
| Gluggar | 1,8 |
| Þak | 0,2 |
| Vegið meðaltal útveggja | 0,85 |

Loftræsa þarf öll gluggalaus rými, í samræmi við gr. 186-187. Tvöfalt einangrunargler (K-gler) mun vera í nýjum gluggum. Gólfniðurföll skulu vera sett í öll blautrými.

BRUNAVARNIR:

Brunavarnir
Brunavarnir gistiheimilis eru samkvæmt greinargerð EFLU dags. 12.2.2020. Brunahönnun takmarkast við gistihæð og áhrif hennar á aðra hluta byggingar.

Notkunarflokkar og notkunarskilmálar vegna brunavarna
Húshlutinn hýsir gistiheimili í notkunarflokki 4. Fjöldi gistiplássa er 37.

Brunaviðvörunarkerfi
Viðurkennt brunaviðvörunarkerfi tengt vaktstöð verður í gistiheimilinu, tengt heildarkerfi hússins. Stjórnstöð kerfisins er á neðri hæð stigahúss.

Handslökkvibúnaður
Handslökkvitæki skv. ÍST EN 3 með slökkvigetu 21A og 183B staðsett í hverju gistirými og við þvottahús.

Sjálfvirk slökkvikerfi
Gistiheimilið verður allt varið með sjálfvirku vatnsúðakerfi fyrir íbúðir, í flokki Residential type 2 skv. INSTA 900-1 (eða ÍST EN 16925:2018).

Neyðarlýsing og leiðarmerkingar
Út-ljós og neyðarlýsing skv. ÍST EN 1838, ÍST EN 50172. Flóttaleiðalýsing 1 lúx verður á göngum, 5 lúx í stigahúsi og við flóttaleiðir utanhúss.

Flóttaleiðir
Flóttaleiðir skv. aðaluppdráttum. Mesta reiknuð lengd flóttaleiðar er innan við 39 metrar.
Allar hurðir í flóttaleið skal vera hægt að opna innan frá án lykils eða verkfæra.

Klæðningar og gólf
Allar klæðningar í lofti og á veggjum innanhúss verða í flokki 1 (B-s1, d0 skv. ÍST EN 13501-1).

Útveggir og þök
Útveggir eru steinsteyptir, með ytra og innra byrði í fl. 1. Þök eru með óbrennanlegri einangrun og hallandi þök klædd með málmklæðningu en flöt þök með dúki í flokki T ($B_{(roof)}$ (t2) skv. ÍST EN 13501-5).

Brunahólfun
Brunahólfun skv. aðaluppdráttum. Hvert gistirými, stigahús og gangar mynda sérstök brunahólf með EI 60 veggjum og $EI_2$ 30-$CS_m$ hurðum. Loft verður klætt REI60. Brunahólfun að útstigum verður með EI60 veggjum, EW30 gluggum og $EI_2$30-C/EW30-C hurðum.

Burðarvirki við bruna
Þakvirki verður gifsklætt samsvarandi REI60. Útveggir og hæðarskil eru steinsteypt og talin uppfylla R90/REI90. Þak millibyggingar (flóttaleið) uppfyllir REI60. Útistigar eru úr óvörðu stáli.

Aðkoma slökkviliðs
Akfært er að byggingunni frá Dalshrauni og að gagnstæðri hlið frá porti. Ekki er reiknað með þátttöku slökkviliðs í björgun fólks. Reyklosun er um glugga eða dyr sem slökkvilið opnar eftir þörfum.

Viðhald brunavarna
Skylt er að gera þjónustusamning við viðurkenndan aðila um viðhald og eftirlit á brunaviðvörunarkerfi og vatnsúðakerfi. Gerðir verða þjónustusamningar um eftirlit og viðhald á neyðarlýsingu og handslökkvitækjum.
Breytingar á brunavörnum skulu hljóta samþykki viðeigandi yfirvalda og unnar í samvinnu við brunahönnuð.

05.05.2020

Yfirfarið af brunahönnuði
EFLA VERKFRÆÐISTOFA
Atli Rútur Þorsteinsson
Rafræn undirritun
12.2.2020

0 25 50 m

M. 1:500

D
C
B
A

BREYTINGAR

| Samþykkt | Samþykki aðalhönnuðar |
|---|---|


VEB Verkfræðistofa
Dalvegi 18 201 Kópavogi
Sími 564 3322 Fax 564 3324
Netfang veb@veb.is, GSM 898 1198
Ráðgefandi verkfræðiþjónusta


VERKHEITI

**Dalshraun 15**

**220 Hafnarfjörður**

Teikning nr

**A000**

HEITI TEIKNINGAR

# AFSTÖÐUMYND

| Dagsetning | TEIKNAÐ | Samþykkt | Kvarði | Verknúmer |
|---|---|---|---|---|
| 2020/02/10 | DHE | ERLENDUR BIRGISSON 261156-2539 | 1:1000 | 3.19.12 |